



Fjölbreyttar kennsluaðferðir

Flokkur: Ísbrjótur

Skutluleikur

Hvað æfir aðferðin? Samskipti, tal

Stutt lýsing: Allir í bekknum búa til pappírsskutlu og skrifa á hana upplýsingar um sig, t.d. nafn og hvað þeim finnst skemmtilegt og hvað ekki (hér kemur margt annað til greina). Skutlunum er kastað um bekkinn og síðan finna allir eina skutlu (aðra en sína eigin), finna þann sem bjó hana til, ræða við hann og kynna fyrir bekknum.

Fjöldi: 10-20

Nauðsynlegt efni eða aðstaða? Blöð til að búa til skutlur og gott pláss.

Nákvæm lýsing

Kennari byrjar á því að kenna nemendum að búa til pappírsskutlur eða fær hugmyndir um það hjá nemendum. Síðan þarf að ákveða hvaða upplýsingar eru skrifaðar á skutluna fyrir utan nafnið—þetta fer eftir stigi hópsins og hvaða efni hefur verið til umræðu, t.d. Áhugamál, uppáhaldsmatur, heimilisföng, hvað sem er! Kennari gefur merki þegar nemendur mega kasta skutlunum allir í einu. Þeir mega svo halda áfram að kasta þeim skutlum sem þeir finna þar til kennarinn gefur merki og þá finna þeir þann sem á skutluna sem þeir eru með og ræða við hann um það sem kemur fram á skutlunni og kynna hann/hana fyrir bekknum.

Hvaðan fékkstu vitneskju um þessa aðferð/ leik?

Training-Games.com

Nafn og hvaðan af landinu kemur þú?

Þorbjörg Halldórsdóttir, Reykjavík

